

Samþykktir faghóps Ský um vefstjórnun:

1. gr. Vefstjórnunarhópur Ský er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá nánar á vefsíðu félagsins (www.sky.is).

2. gr. Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hin ólíku svið vefstjórnunar
- Að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar
- Að efla tengslamyndun jafnt innan vefgeirans sem út fyrir hann
- Að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í vefstjórnun
- Að stuðla að vandaðri málnotkun
- Að auka gæði í högun, innleiðingum og rekstri

3. gr. Stjórn faghópsins er kjörin á aðalfundi Ský til eins árs í senn og er skipuð fimm til sjö einstaklingum, sem útnefnir formann innan sinna raða og skipta með sér verkum eftir þörfum.

Samsetning stjórnar skal endurspeglar sem best þekkingu og fagsvið félaga faghópsins.

Hlutverk stjórnar er að vinna að markmiðum faghópsins með því að standa fyrir ýmsum viðburðum, þar með talið einum stórum viðburði á ári auk minni og óformlegri viðburða. Stjórn faghópsins skilar skýrslu um starf sitt til stjórnar Ský fyrir aðalfund Ský.

4. gr. Félagar skulu samkvæmt reglum Ský um faghópa vera félagar í Ský og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Þurfi hópurinn á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað í samráði við framkvæmdastjóra Ský.

5. gr. Samþykktum má eingöngu breyta með einfaldri meirihlutakosningu þar sem öllum félagsmönnum gefst færi á að kjósa. Breytingartillögur og kosningafyrirkomulag skal vera kynnt með viku fyrirvara.

Samþykkt á aðalfundi 15. maí 2012